

## Sjötti fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 3. maí 2018 kl. 17:30

Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Konráð Konráðsson endurskoðandi mætti á fundinn og sat 1 til 4 lið

Dagskrá:

1. Endurskoðendaskýrsla vegna ársreiknings fyrir 2017. Konráð fór yfir skýrsluna.
2. Ársreikningar Eyja og Miklaholtshrepps vegna 2017 seinni umræða. Konráð fór yfir reikninginn. Samþykkt samhljóða.
3. Álit Sigurðar Vals á áhrifum kaupa Eyja og Miklaholtshrepps á Laugargerðisskóla á rekstur sveitarfélagsins. Álitið lagt fram.
4. Frávik frá fjárhagsáætlun kaupa á hlut Borgarbyggðar, Dalabyggðar og Snæfellsbæjar í Laugargerðisskóla. Lögð fram tillaga að viðauka á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins vegna kaupa á eignarhluta annara sveitarfélaga í Laugargerðisskóla. Lagt til að kaupverðið, 32,5 milj, verði greitt með handbæru fé og þar með lækki handbært fé um kaupverðið en aukin eign komi á móti.
5. Breiðablik – Gestastofa. Samstarfsamningur við Svæðisgarðinn. Samþykkt samhljóða.
6. Breiðablik, framkvæmdir. Oddvita veitt heimild til að láta mála kaffisalinn á Breiðabliki.
7. Laugargerðisskóli – tilboð í hurðir og glugga. Afgreiðslu frestað.
8. Stöðuleyfi vegna matvagna. Umsókn Víðirs Haraldssonar samþykkt með fyrirvara um að tilskilin gögn berist.
9. Undirbúningur vegna nýrra persónuverndarlaganna. Hreppsnefnd fór yfir þá vinnu sem unnin hefur verið í þessum málum. Unnið verður áfram í samstarfi við önnur sveitarfélög.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir ( sign )

Halldór Jónsson ( sign )

Gísli Guðmundsson ( sign )

Atli Sveinn Svansson ( sign )

Eggert Kjartansson ( sign )